

15/2 '69

S T A R F S S K Ý R S L A .
=====

1 9 6 8
=====

Gróðrarstöðin Tumastöðum.
=====

Veðurfar ársins.

Undan farin ár hef ég fengið að láni veðurskýrslu frá Sámsstöðum og látið hana fylgja skýrslu minni og hefur það veitt miklar upplýsingar, en vegna þess að við tilráunastöðinni hefur tekið nýr maður og hann hefur þann hátt á að hann sendir veðurskýrsluna strax til veðurstofunnar án þess að draga hana nokkuð saman, verður henni sleppt hér.

Veturinn var fremur kaldur og það sama er að segja um vorið en það var enn fremur mjög þurrt. Sumarið hægviðrasamt, lítið um stórrigningar en oftast skýjað og sólar lítið. Haustið með afbrigðum hægviðrasamt og gott til allra úti verka.

Frost fór ekki úr jörðu fyrr en um mánaðarmótin maí og júní.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Laufgun birkiskjólbeltanna gekk fremur hægt og voru þau ekki laufguð fyrr en 3. júní og lauffall varð 9. okt.

Vöxtur. Vöxtur trjáa var yfirleitt í góðu meðallagi, en vöxtur plantna í gróðrarstöðinni var um meðallag, nema á sáningarplöntum 2/0 þar hefur hann ekki verið betri í mörg ár, en þar munaði mest um vermireitagl. sem voru yfir þeim í vor svo að frost fór þar snemma úr jörðu, en þar sem vorið var mjög sólríkt uxu þær mjög hratt.

Fræfall. Lítið var af fræi á birkiskjólbeltunum í gróðrarstöðinni í ár, en vegna þess að sömu sögu var að segja annarstaðar var safnað öllu sem til féll og urðu það 3,6 kg. af hreinsuðu fræi. Fræ þroskaðist ekki á sitkagreni. Nokkuð var af berjum á reynivið. Ekki var lögð mikil áherzla á söfnun á lúpínufræi.

Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði ekki fyrr en um mánaðarm. apríl og maí og lauk að mestu 15. sept. Þó vann hér smiður með okkur við að endurreisa verkstæðið hér og var því ekki að fullu lokið fyrr en um áramót. Auk mín er hér 1 fastráðin starfsmaður.

Alls námu kaupgreiðlur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni kr. 657.313,98 og fór ekkert af því út úr hreppnum og er ekki hægt annað að segja en að starfssemin hér sé lyftistöng fyrir hreppsþúa því að öðrumkosti hefðu margir af þessum unglungum verið atvinnu-^{la}lausir eða því sem næst.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	jan.	feb.	marz	apr.	maí	juní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	
konur				1	17	39	31	20	10				118
karl.	5	5	5	5	12	18	20	15	15	5	5	5	115
Samt.	5	5	5	6	29	57	51	35	25	5	5	5	233

Gróðrarstöðin.

Nývirki og umbætur. Gamla plastgróðurhúsið sem fauk á Mógilsá 1967 var fengið hingað og smíðaðir í það nýjir gaflar og bogar og plast fengið til endurnýjunar og eru því hér 2 plastgróðurhús. Einnig var keypt báruplast frá Noregi í þriðja húsið og verður það ekki færanlegt. Stendur til að koma því upp á næsta sumar ef fjárráð leyfa. Vegna gengisbr. sem varð í haust réðist ég í að kaupa og láta smíða bogana í þetta hús og mun það hafa sparað gróðrarstöðinni nokkuð fé vegna þess að efnið var á gömlu verði.

Hingað var fengin holræsaplógur og var hann látin endur nýja holræsin þar sem því var við komið og voru ræsin samtals 9.200 m. á lengd.

Fræplöntur. Kostnaður við fræplöntur varð kr. 154.058,00. Sáning hófst 24. maí og lauk 31. maí, sáð var í gróðurhúsin 27. maí, alls var sáð 17,02 kg. í 760,5 m². þar af 150 m². í plast-gróðurhúsin. Um sáningu þessa árs er það að segja að hún er sæmileg að því undan skildu að birki sáningin er ekki góð en við fengum ekkert nýtt fræ til sáningar og notuðum gamalt fræ sem var orðið mjög lélegt. 2/0 plöntur eru með bezta móti, jafn stórar og vel fallnar til dreifsetningar.

Dreifsetning. Kostnaður við dreifplöntur varð kr. 191.555,00 Dreifsettar voru 185.100 skógarplöntur hér í gróðrarstöðinni í sumar.

Vöxtur dreifsettra plantna var með minna móti.

Hreinsun. Gesatop hefur verið notað hér í nokkur ár með góðum árangri en eftir er að vita hvort notkun á því hefur einhver varanleg og skaðleg áhrif á jarðveginn.

Við hreinsun á fræbeðum og lauftrjám notum við ekki lyf.

~~Við~~^{þetta} þeirra sundurliðunar og bókhaldsreglna sem fylgt hefur verið nú að undanfögnu kemur ekki fram hver kostnaður við hreinsun plantna er og er það spor aftur á bak frá því sem áður var, því nauðsynlegt er að vita sem mest um kostnað á hinum ýmsu liðum framleiðslunarinnar.

Umbúnaður. Vegna þess hvað holklaki hefur viljað gera mikin skaða á dreifsetningarpl. fyrrsta árið, sér í lagi á ystu röðum beðanna, skárum við nú torf og lögðum á kanta beðanna og gerum við okkur vonir um að afföll minnki að mun við þær aðgerðir.

Afhending. Af skógarplöntum voru afhentar 102.030 stk. og var um helmingur af því ódreifsettar plöntur. Einnig sendum við frá okkur 46.000 plöntur til dreifsetningar í Norðtungu.

Garðplöntur. Kostnaður við garðplöntur varð kr. 34.340,00. Afhentar voru 8.254 stk. af garðpl. fyrir kr. 111.780,00 kr. Það var áberandi hvað plöntusalan hefur dregist saman frá því sem áður var. Mun það stafa af minnkandi fjárráðgjafalmenings og má búast við að það sama verði upp á teningnum á vori komanda.

Annað. Mötuneytið var ekki starfandi hér í sumar og býst ég við að það verði ekki heldur á þessu ári, þó eru ýmis vankvæði á því fyrirkomulagi, en þar á móti kemur að ekki þarf að greiða ráðskonu.

Hingað fengum við stórvirkan holræsaplóg og ræsti hann um 9.200 m. af holræsum og atti landið að þorna við þær aðgerðir, en þó finnst manni einhvernvegin að jarðvegurinn sé svo þéttur að hann sé vatns-heldur og að yfirborðs vatnið sígi mjög lítið niður.

Byggingar. Verkstæði sem hér var á staðnum og byggt var árið 1948 úr vikurholsteini var orðið ónýtt fyrir mörgum árum en hefur þó hangið uppi af gömlum vana, var nú rifið og annað byggt í staðin.

Verkstæðið er 93 m². timburhús með vatnsklæðningu að utan einangrað með 2" plasti og klætt að innan með hörplötum, hús þetta er að ég held hið vandaðasta og verður til mikilla bóta fyrir alla vetrar vinnu.

Smíðaðar voru hillur í frystið, og einnig var fengin einangrun til að stækka frystirinn, en vegna fjárhagsörðugleika var ekki lagt út á þá braut í ár.

Sáningar.

=====

Fres.nr.	Tegund	Kvæmi	kg.	m2.
B-615	Rauðgreni	Namdalseid	0,27	6
B-684	Birki	Bæjarstað	4,00	192
B-702	Rauðgreni	Namdalseid gr. ..	1,52	78
B-711	Stafafura	Skagway	1,18	98
B-712	Sitkagreni ...	Homer	1,15	88,5
B-713	Sitkagreni ...	Cordova	1,65	92
B-718	Bergfura	2,00	98
	Rauðblaðarós .	Sjálandi	1,00	12
	R. Rubiginosa	Sjálandi	0,50	9
	C. japonica ..	Sjálandi	0,50	9
	C. acutifolia	Sjálandi	1,00	12
	Silfurreynir .	Sjálandi	1,00	30
	A. Melanocarpa	Sjálandi	0,25	18
	Fjallagullregn	Sjálandi	<u>1,00</u>	<u>18</u>
		Samtals	17,02	760,5
			=====	=====

Dreifsetning 1968.

Fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	Fjöldi
B-641	Birki 2/0	Bæjarstað	31.200
B-650	Stafafura 2/0 .	Skagway	39.600
B-655	Bergfura 2/0 ..	Mt. Louis	14.380
B-667	Rauðgreni 2/0 .	Löten	20.850
B-682	Bergfura 2/0 ..	Mistballe	22.320
B-647	Elri 3/0	Næröy	1.850
B-648	Rauðgreni 3/0 .	Meldal	20.850
B-649	Sitkagreni 3/0	Sitka	32.750
B-653	Elri 3/0	Svíþjóð	<u>800</u>
		Samtals	185.100
		=====	=====

Afhentar dreifsetningar plöntur.

Norðtungu.

B-641	Birki 2/0	Bæjarstað	5.000
B-648	Rauðgreni 3/0 .	Meldal	17.000
B-673	Stafafura 3/0 .	Hazelton	12.000
B-683	Bergfura 3/0	<u>12.000</u>
		Samtals	46.000
		=====	=====

Plöntur til dreifsetningar 1969.

Fræs.nr.	Tegund	Kvæni	Fjöldi
B-666	Rauðgreni 2/0 .	Namdalseid	21.000
B-590	Sitkagreni 2/0	Cordova	25.000
B-646	Fjallabirki 2/0	Skill	1.500
B-664	Rauðgreni 2/0 .	Levanger	49.500
B-665	Rauðgreni 2/0 .	Trysil	89.000
B-671	Stafafura 2/0 .	Fort St. J.	55.000
B-672	Stafafura 2/0 .	Skagway	80.700
B-684	Birki 2/0	Bæjarstað	30.000
B-689	Bergfura 2/0 ..	Ht. confl.	47.000
B-693	Sitkagreni 2/0	Seward	34.000
B-641	Birki 3/0	Bæjarstað	10.000
B-647	Elri 3/0	Næröy	3.000
B-648	Rauðgreni 3/0 .	Meldal	20.000
B-649	Sitkagreni 3/0	Sitka	1.000
B-667	Rauðgreni 3/0 .	Löten	50.000
B-669	Sitkagreni 3/0	Kodiak	25.000
B-648	Rauðgreni 4/0 .	Meldal	<u>10.000</u>
		Samtals	551.700
		=====	=====

Afhentar skógarplöntur 1968.

Fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	Fjöldi
B-641	Birki 2/0	Bæjarstað	6.000
B-655	Bergfura 3/0 ..	<i>M. Louis</i>	11.500
B-595	Fjallafura 3/0	Sviss	3.000
B-650	Stafafura 3/0 .	Skagway	29.800
B-587	Lerki 4/0	Senkursk	3.900
B-522	Sitkagreni 3/3	Homer	14.100
B-530	Rauðgreni 2/4 .	Rissa	3.650
B-548	Sitkagreni 3/3	Homer	5.300
B-549	Hvítgreni 3/3 .	M. P.	7.350
B-550	Sitkabst. 3/3 .	M. P.	9.050
B-554	Rauðgreni 3/3 .	Namdal	4.000
B-530	Rauðgreni 4/3 .	Rissa	600
B-466	Sitkagreni 4/3	Seward	1.000
B-466	Sitkagreni 3/5	Seward	<u>2.730</u>
		Samtals	102.030
		=====	=====

Skógarplöntur til afhendingar 1969.

B-646	Fjallabirki 2/0	Skill	500
B-684	Birki 2/0	Bæjarstað	3.000
B-641	Birki 3/0	Bæjarstað	3.600
B-647	Elri 3/0	Næröy	600
B-650	Stafafura 3/0 .	Skagway	25.000
B-674	Stafafura 3/0 .	Petersburg	12.000
B-675	Stafafura 3/0 .	Sitka	4.000
B-655	Bergfura 2/2	11.700
B-564	Douglasgr. 3/3	Bluberry	2.000
B-566	Douglasgr. 3/3	1.400
B-579	Rauðgreni 3/3 .	Stjördal	<u>52.000</u>
		Samtals	120.800
		=====	

Afhentar garðplöntur 1968.

Birkikvistur	549	stk.
Úlfareynir	71	-
Sitkagreni	729	-
Birki	1.053	-
Ribs	66	-
Askur	8	-
Hlynur	6	-
Sólber	13	-
Viðja	4.681	-
Gráreynir	7	-
Alaskaösp	181	-
Bergfura	520	-
Stafafura	300	-
Lerki	14	-
Álmur	41	-
Elri	<u>1</u>	-

8.254 stk.